



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIÐURSVERÐLAUN RIFF AFHENT Á BESSASTÖÐUM Í DAG

Heiðursverðlaun kvikmyndahátíðarinnar RIFF verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag miðvikudaginn 30. september kl. 17:00 að viðstöddu forystufólki í íslenskri kvikmyndagerð, þátttakendum í kvikmyndahátíðinni og aðstandendum hennar.

Verðlaunin hljóta að þessu sinni Margrethe von Trotta einn fremsti kvikmyndaleikstjóri Evrópu og kanadíski kvikmyndaleikstjórinn David Cronenberg; en þau eru bæði meðal fremstu kvikmyndagerðamanna okkar tíma og hafa verið brautryðjendur á ólíkum sviðum kvikmyndagerðar.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna, en frekari upplýsingar um verðlaunahafana veitir RIFF kvikmyndahátíðin.

30. september 2015

Nánari upplýsingar veitir Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Hrönn Marinósdóttir hjá RIFF (861 7374).